

Fundur í fræðslunefnd þriðjudaginn 16.05.2011

Mættir: Arnfríður Aðalsteinsdóttir, María Guðmundsdóttir, Steinunn Guðnadóttir, Helgi Mar Arnason, Ólöf Kristín Arnmundsdóttir, Siggeir Stefánsson, Kristinn Lárusson og Sólveig Óladóttir

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

1. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans.  
Prófavika stendur yfir, vorferðir eru framundan. Skólaslit verða föstudaginn 27. maí kl: 17  
Skólastjóri og kennarar setja sér markmið fyrir næsta skólaár helst skal talið: Aukinn metnaður til náms, aukið foreldrasamstarf, agamál. Skóladagatal 2011-2012 lagt fram til kynningar  
Starfsmannamál : Arnfríður fór yfir starfsmannamál næsta skólaárs. Umsókn frá Sveinbjörgu Evu Jóhannesdóttur sem útskrifaðist sem grunnskólakennari í vor tekin fyrir , mælt með ráðningu hennar. Húsnæðismál voru rædd.
2. Skýrsla skólastjóra Grunnskóla Bakkafjarðar  
Prófavika stendur yfir. Skólaslitin verða 31. maí og þá sýna börnin leikritið Skilaboðaskjóðuna.  
María fór yfir skipulag og starfsmannamál næsta skólaárs.
3. Skýrsla skólastjóra Barnabóls.  
Steinunn fór yfir skipulag næsta skólaárs. 12 börn útskrifast í sumar . Leikskólinn verður lokaður 6-8 júní v/starfsmannaferðar.
4. Skólamötuneyti: Formaður bar upp tillögu um að skólamötuneytið verði boðið út fyrir næsta skólaár. Tillagan samþykkt samhljóða.
5. Tónlistarskólinn: Málefni skólans rædd. Skólastjóra og formanni fræðsluráðs falið að vinna að starfsmannamálum fyrir næsta skólaár.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið